

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 5. nóvember 2024

Mál nr. E-2182/2024:

A

(Fjöltnir Vilhjálmsson lögmaður)

gegn

Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Löður ehf.

(Kristín Edwald lögmaður)

Dómur

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Mál þetta, sem dómtekið var 8. október 2024, var höfðað 19. mars 2024 af A, [...], [...], gegn Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Kringlunni 5, Reykjavík, og Löðri ehf., Fiskislóð 29, Reykjavík.
- Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði með dómi óskipt skaðabótaskylda stefndu vegna þess líkamstjóns sem stefnandi varð fyrir í slysi, þann 23. desember 2021. Þá krefst stefnandi málskostnaðar óskipt úr hendi stefndu sér að skaðlausu, líkt og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.
- Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar.

Til vara krefjast stefndu þess að krafa stefnanda verði einungis viðurkennd að hluta og málskostnaður verði látinn niður falla.

Helstu málsatvik

- Á miðjum degi á Þorláksmessu 2021 slasaðist stefnandi á hægri öxl er hann féll í hálku við sjálfvirka þvottastöð stefnda við Stekkjarbakka í Breiðholti. Tildrög slyssins kveður stefnandi hafa verið með þeim hætti að hann hafi ekið bifreið sinni í eitt af þvottahólfum stöðvarinnar. Þaðan hafi hann þurft að ganga úr þvottarýminu, meðfram húsnæðinu að greiðsluvél þvottastöðvarinnar og greiða þar fyrir þjónustuna og ræsa þvottabúnaðinn. Er hann steig úr þvottahólfinu á malbikaðan hallandi flöt þar fyrir utan hafi hann fallið í mikilli hálku án þess að koma nokkrum vörnum við. Við vettvangsgöngu fyrir upphaf aðalmeðferðar málsins var staðfest að hitalagnir eru í gólfi í þvottahólfinu sjálfu, en engar slíkar lagnir í malbikuðum fláa sem liggur þar beint fyrir framan og viðskiptavinir þurfa að ganga um til þess að komast í greiðsluvél stöðvarinnar.

5. Samkvæmt mælingum Veðurstofu Íslands, sem liggja fyrir í gögnum málsins, var kalt í veðri á slysdegi og meðalhiti í Reykjavík rétt yfir frostmarki (0,2°C), en að hámarki 2,8°C.
6. Í tilefni af slysi stefnanda var lögreglu kölluð á vettvang. Í skýrslu lögreglu segir um tildrög slyssins:

„Þarna hittum við [A] inn í bifreið sinni, [A] var mikið verkjaður og fann til í hægri höndinni. [A] hafi ætlað að þrífa bifreið sína í sjálfafgreiðslustöð Löður, en runnið og lent harkalega á höndinni. Hann hafi sest í bifreið sína og ætlaða að aka sjálfur á slysadeild en áttaði sig fljótt á því að það væri ekki hægt vegna verkja.“
7. Í skýrslu lögreglu segir jafnframt um aðstæður á slysstað:

„Starfsmenn Löðurs látin vita af hálkunni og komu þau að salta í kring.“
8. Í kjölfar slyssins var stefnandi fluttur á bráðadeild með sjúkrabifreið til frekari aðhlynningar, þar sem hann var greindur með liðhlaup í hægri öxl.
9. Kveðst stefnandi hafa átt erfiðara með að stunda alla erfiðisvinnu og líkamsrækt eftir slysið og áverkar vegna þess háí honum bæði í leik og starfi.
10. Lögmaður stefnanda krafðist bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu stefnda Löðurs ehf. hjá stefnda Sjóvá-Almennum hf. með erindi 28. febrúar 2022, á þeim grunni að slysið væri að rekja til ófullnægjandi hálkuvarna. Er svör höfðu ekki borist 11. maí 2022 leitaði stefnandi til úrskurðarnefndar í váttryggingarmálum með skriflegu málskoti. Með álit 16. ágúst 2022 hafnaði nefndin bótaskyldu Sjóvár-Almennra ehf. vegna slyss stefnanda á þeim grunni að málsatvik lögju ekki ljós fyrir og sök væri ekki sönnuð.
11. Í framhaldinu aflaði stefnandi einhliða matsgerðar B, bæklunarskurðlæknis, um varanlegar afleiðingar slyss stefnanda. Í niðurstöðu matsgerðarinnar er kveðið á um að stefnandi hafi hlotið áverka á hægri öxl sem metnir eru til 10% læknisfræðilegrar örorku.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

12. Bótaskyldu stefndu kveðst stefnandi byggja á því að slys hans sé að rekja til óforsvaranlegra hálkuvarna við sjálfvirka bílaþvottastöð Löðurs ehf. á lóð fyrirtækisins við Stekkjarbakka sem orsakað hafi slys stefnanda umrætt sinn. Beri stefndi Löður ehf. ábyrgð því á grundvelli sakarreglunnar og reglunnar um vinnuveitandaábyrgð, auk „reglu um nafnlaus mistök“. Sé slys stefnanda eingöngu að rekja til þess, að hálkuvörnum hafi ekki verið sinnt með forsvaranlegum hætti og aðbúnaði hafi verið áfátt. Auðvelt og ódýrt hafi verið að koma við hálkuvörnum á umferðarleiðum gangandi viðskiptavina, t.d. með því að salta umrætt svæði eða bera á það annars konar hálkueyðandi efni eða sand. Kalt hafi verið í veðri og starfsmönnum stefnda mátt vera ljóst að ríkt tilefni væri til að grípa til hálkuvarna til að fyrirbyggja hættuástand fyrir viðskiptavinum stöðvarinnar. Slysið hafi orðið um kl. 14:30 og því hafi gefist nægur tími til hálkuvarna. Gögn málsins staðfesti að hálkuvörnum hafi ekki verið sinnt af hálfu starfsmanna fyrirtækisins fyrr en skömmu eftir að slys stefnanda atvikaðist.

13. Kröfur á hendur Sjóvá séu á grundvelli ábyrgðartryggingar stefnda Löðurs ehf. hjá stefnda Sjóvá.
14. Matsgerð B staðfesti að stefnandi hafi hlotið varanlegt líkamstjón í slysinu og hafi því lögvarða hagsmuni af því að fá skorið úr um skaðabótaskyldu stefndu, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991.
15. Af dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands og Landsréttar megi ráða að ríkar kröfur séu gerðar til eigenda og rekstraraðila atvinnuhúsnaðis, þar sem gert er ráð fyrir að almenningur venji komur sínar. Af því leiði að sakarmat sé strangt.
16. Það sem hafi orsakað hálkumyndun á slysstað hafi verið vatn sem safnast hafi fyrir við inngang þvottarýmisins og síðan frosið. Ekki hafi verið niðurfall, frárennsli eða önnur úrræði sem kæmu í veg fyrir að vatn safnaðist fyrir þar sem stefnandi féll. Þá hafi engin hitalögn verið undir gönguleiðinni fyrir framan þvottahólfið. Í ljósi aðstæðna á slysstað, tíðarfars og eðli starfsemi stefnda Löðurs ehf., hafi starfsmönnum fyrirtækisins mátt vera kunnugt að slysaætta gæti verið þar til staðar.
17. Í þessu samhengi verði að hafa hugfast, að meðalhiti í desember árið 2021, hafi verið rétt yfir frostmarki 1,5°C, meðalhámarkshiti 3,7°C og lágmarksmeðalhiti -1,5°C. Oft hafi hiti því verið undir frostmarki og hálka getað myndast. Ennfremur verði að hafa hugfast, að hitastig í Reykjavík hafi verið undir frostmarki tveimur dögum fyrir slys stefnanda.
18. Loks hafi starfsmenn fyrirtækisins sýnt það í verki að aðstæðum hafi verið ábótavant er þeir gripu til hálkuvarna eftir slysið og verði að líta svo á að með því hafi stefndi Löður ehf. viðurkennt sök í málinu, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 633/2014.

Helstu málástæður og lagarök stefndu

19. Stefndu byggja sýknukröfu sína á því að hvorki sé fyrir hendi í málinu sök stefnda Löðurs ehf. né orsakasamband á milli athafna eða athafnaleysis stefnda og slyss stefnanda. Í því tilliti verði einkum að líta til þess að ekki sé annað komið fram en að stefndi Löður hafi sinnt öllum þeim skyldum sem af honum hafi mátt ætlast með tilliti til hálkuvarna við þvottastöðina.
20. Byggja stefndu á því að óljóst sé nákvæmlega hvar slysið hafi átt sér stað og með hvaða hætti, en stefnandi hafi verið reikull í lýsingum sínum á atvikum og verði að bera hallann af því.
21. Fullyrðingum stefnanda um vanbúnað sem orsaki vatnssöfnun sé mótmælt. Í umræddu þvottahólfi sé halli að miðju gólfsins þar sem niðurfallsrist taki við vatni. Almennt hafi starfsmenn stefnda Löðurs komið við á þvottastöðinni allt að því nokkrum sinnum á dag til að ganga úr skugga um að allt væri í réttu horfi m.t.t. búnaðar, efna, aðstæðna og þrifa. Þá hafi planið verið saltað eftir þörfum í slíkum ferðum. Hafi stefndi Löður gert allt sem í valdi félagsins stóð og með sanngirni verði krafist til að koma í veg fyrir hálku á staðnum, svo sem með snjóbræðslukerfi, söltun, og stórri rist til að taka við vatni og efnum sem notuð eru á þvottastöðinni. Ekki sé annað komið fram en að bílaþvottastöðin sé að öllu leyti uppsett og rekin í samræmi við kröfur laga og reglna, og atriði á borð við

staðsetningu niðurfalla og snjóbræðslukerfi í fullu samræmi við kröfur byggingarreglugerðar. Af öllu þessu leiði að sýkna beri stefndu af kröfum stefnanda.

22. Svo sem fram komi í stefnu hafi verið kalt í veðri, svo sem við sé að búast á Íslandi seint í desember. Að mati stefndu hafi stefnandi mátt gera sér grein fyrir að hugsanlegt væri að hálka gæti myndast í námunda við bílaþvottastöðina, enda um að ræða opna þvottastöð þar sem vatni er sprautað með háþrýstimúl og ýmis efni notuð. Þó að bæði sé að finna stóra niðurfallsrist og snjóbræðslukerfi í stöðinni sé vitaskuld mögulegt að hálka myndist þar fyrir utan. Megi raunar fullyrða að slík hálka geti myndast óháð starfsemi stöðvarinnar, líkt og myndist á gangstéttum og úti á víðavangi, eins og alkunna sé meðal Íslendinga. Verði þess ekki krafist af stefnda Löðri að hann útrými hverjum einasta hálkubletti sem hugsanlega geti myndast í námunda við stöðina.
23. Stefnanda hafi því borið að sýna aðgát í umrætt sinn, ekki síst í ljósi þess að á stöðinni sé að finna fjölda merkinga sem vari við hálku, sérstaklega „í bleytu og frosti“.
24. Reglur um vinnuveitendaábyrgð eða nafnlaus mistök eigi ekki við, enda hafi stefnandi ekki sýnt fram á neina sök starfsmanna stefnda Löðurs ehf. í málinu. Þá sé enga viðurkenningu sakar að finna í þeim eðlilegu viðbrögðum starfsmanna að salta svæðið eftir að lögregla tilkynnti þeim um slys við stöðina, auk þess sem svæðið hafi eftir sem áður almennt verið saltað reglulega.
25. Varakröfu sína byggja stefndu á því að stefnandi hafi ekki sýnt nægilega aðgát þegar hann sótti þvottastöðina við Stekkjarbakka heim, og beri að virða honum það til eigin sakar. hans eigið gáleysi hafi því a.m.k. verið meðorsök slyss hans. Varað hafi verið við hálku á skiltum á stöðinni, auk þess sem gera megir þá kröfu að þeir sem sækir bílaþvottastöðvar í desember, geri sér grein fyrir að þar geti hálka myndist og sýni því sérstaka aðgæslu. Það hafi stefnandi ekki gert og hafi hann því sjálfur átt mesta sök á slysi sínu.

Niðurstaða

26. Í málinu deila aðilar um hvort stefndu beri ábyrgð á slysi stefnanda við bílaþvottastöð stefnda Löðurs ehf. við Stekkjarbakka 23. desember 2021 á grundvelli ófullnægjandi hálkuvarna eða annars vanbúnaðar sem rakið verði stefnda til sakar.
27. Stefnandi krefst viðurkenningar á bótaskyldu stefndu vegna líkamstjóns er hann hafi orðið fyrir við umrætt slys. Með framlagðri matsgerð hefur stefnandi leitt nægilegar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni og eru því uppfyllt skilyrði 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála fyrir höfðun viðurkenningarmáls.
28. Í upphafi aðalmeðferðar var gengið á vettvang bílaþvottastöðvarinnar. Hagar aðstæðum þannig að viðskiptavinir aka bifreiðum sínum inn í þar til gerð þvottahólf og þurfa að því búnu að ganga út fyrir þvottahólfið, meðfram þvottastöðinni að greiðsluvél þar sem greiða þarf fyrir þjónustuna og ganga síðan til baka að þvottahólfinu og hefjast þar handa við bílþvottinn. Umrædd gönguleið er hluti af malbikuðu bílaplani fyrir framan þvottahólfin og er talsverður hliðarhalli á malbikinu sem gengið er eftir. Um aðra

gönguleið er ekki að ræða. Var upplýst af forsvarsmönnum stefnda Löðurs ehf. og starfsmanni stöðvarinnar að gólf þvottahólfsins væri upphitað, en hins vegar væru engar hitalagnir undir gönguleiðinni beint fyrir framan þvottahólfið. Felur það í sér að viðskiptavinir þurfa að stíga af upphituðu gólfi og beint á hallandi óupphitaða gönguleið. Gefur auga leið að í því felst hættu á hálkuslysum þegar kalt er í veðri, enda fylgir starfseminni óhjákvæmilega vatnsflæði, bæði í formi rennandi vatns og úða. Eru því kjöraðstæður til hálkumyndunar á umræddri gönguleið.

29. Af hálfu stefndu hefur verið á því byggt að starfsmenn þvottastöðvarinnar fylgist vel með aðstæðum á vettvangi með tilliti til hálkumyndunar og komi þangað allt að þrisvar sinnum á dag í þeim tilgangi. Því til stuðnings hafa stefndu lagt fram í málinu ódagsettan og óundirritaðan einblöðung með yfirskriftinni „Verklag í kringum þrif og stöðu efna á snertilausum stöðvum og básum“. Í skjalinu er að finna upptalningu á daglegum verkefnum við þrif og áfyllingu á hreinsiefnum, auk þess sem þar segir að þegar snjór eða frost sé úti skuli „Moka snjó og salta við inn og útkeyrslu hurðar (ef það er ekki hálka um morguninn en það er frost úti þá þarf samt að salta)“. Samkvæmt skjalinu er gert ráð fyrir söltun að morgni þegar frost er í veðri. Ekki er vikið að því að fylgjast skuli með hálkumyndun yfir daginn, en fyrir liggur að slys stefnanda varð um kl. 14. Þá hafa stefndu ekki leitt starfsmenn þvottastöðvarinnar, sem voru á vakt umræddan dag, til skýrslugjafar um aðstæður á vettvangi er slysið varð eða aðgerðir til hálkuvarna á slysdegi. Stóð það stefndu nær að sýna fram á hvort og þá hvernig hálkuvörnum hafi verið sinnt í umrætt sinn. Ennfremur stóð það stefnda Löðri nær að tryggja varðveislu upptöku úr öryggismyndavél á vettvangi slyssins.
30. Fyrir dómi lýsti stefnandi því svo að hann hafi misst fótanna í hálku um leið og hann steig af hinu upphitaða gólfi í þvottahólfinu sjálfu og á hina malbikuðu gönguleið þar fyrir framan. Hálfan hafi verið slík að hann hafi engum vörnum komið við. Lýsti hann atvikum með sama hætti við vettvangsgöngu. Að mati dómsins verður ekki fallist á að óskýrleika gæti um það hvernig atvikum var háttað, líkt og stefndi hefur haldið fram.
31. Til viðbótar við skýrslu stefnanda gaf vitnið C skýrslu fyrir dómi. Kvaðst hann hafa verið næstur á eftir stefnanda í biðröð að þvottastöðinni umræddan dag. Hann hafi setið í bifreið sinni og horft á stefnanda stíga út úr þvottahólfinu og falla í jörðina á malbikinu þar fyrir framan. Hann hafi stigið út úr bifreiðinni til þess að fara stefnanda til aðstoðar og þá fyrst áttað sig á að flughált hafi verið á malbikinu og hann sjálfur átt fullt í fangi með að halda jafnvægi. Hálfan hafi ekki verið greinileg, heldur svartgljáandi og malbikið virst vera blautt eftir úða úr þvottatækjum.
32. Fyrir dóminn kom einnig D lögreglumaður, sem kölluð var á vettvang eftir slysið. Staðfesti hún skýrslu sína í málinu og jafnframt að hálkuglæra hafi verið á planinu framan við þvottahólfið.
33. Verður lagt til grundvallar að hálka hafi á yfirborði malbiksins fyrir framan þvottahólfið og stefnandi fallið er hann steig á það af hinu upphitaða gólfi þvottahólfsins. Eins og að framan greinir var gönguleiðin með talsverðum hliðarhalla, sem jók á fallhættu í hálku. Ekkert er fram komið í málinu sem bendir til þess að stefnandi hafi sýnt af sér

aðgæsluleysi sem metið verði honum til eigin sakar. Er í því efni litið til framburðar stefnanda sjálfs, framburðar vitnisins C og veðurfarsupplýsinga í umrætt sinn. Bendir framangreint ekki til þess að greinilegt hafi verið að hálka hafi verið á yfirborði malbiksins. Þá var stefnandi ókunnugur á umræddri þvottastöð, en mátti vænta þess að aðstæðum og hálkuvörnum væri þannig háttað að viðskiptavinir væru ekki settir í sérstaka hættu við það að nýta sér þjónustu stefnda Löðurs ehf.

34. Að sama skapi hafnar dómurinn því að rétt sé að fella eigin sök á stefnanda á þeim grunni að viðvörunarmerki hafi verið á vegg þvottastöðvarinnar, þar sem varað hafi verið við hálku í bleytu og frosti. Að mati dómsins var umrætt merki ekki sérstaklega áberandi innan um aðrar merkingar á stöðinni, auk þess sem það kom fram við vettvangsgöngu að merkið hafi verið fært eftir að slysið átti sér stað og sett á meira áberandi stað. Viðvörunarmerkið leysir stefnanda ekki undan þeirri skyldu að sinna hálkuvörnum. Þá vekur það ekki athygli á því að fyrir framan upphitað gólf er óupphituð gönguleið, þar sem hálka getur myndast.
35. Veðurfarsupplýsingar sem liggja fyrir í málinu sýna að gera mátti ráð fyrir hálkumyndun umræddan dag. Stefnda var ljóst að aðstæður á þjónustusvæði hans, þar sem unnið er með vatn til bifreiðapvotta, voru til þess fallnar að hálka gæti auðveldlega myndast þar. Þá jók það hættuna á hálkuslysum að hliðarhalli er á gönguleiðinni beint fyrir framan þvottahólfinn, auk þess sem gönguleiðin er óupphituð en þvottahólfinn sjálf með upphituðum gólfum. Var hættan enn meiri í tilviki viðskiptavina sem ekki þekktu þessar aðstæður. Fyrir liggur að viðskiptavinir þvottastöðvarinnar eiga engan annan valkost, en umrædda gönguleið til að komast að greiðsluvél stöðvarinnar. Við þessar aðstæður var brýnt að rækilega væri fylgst með hálkumyndun og hálkuvörnum sinnt af kostgæfni.
36. Löng dómaframkvæmd er fyrir því að þegar um verslunar- eða þjónustuhúsnaði er að ræða, sem gera má ráð fyrir að almenningur venji komur sínar í eða sé hvattur til að mæta í, verði að gera ríkar kröfur til þeirra sem eiga, reka eða koma með öðrum hætti að slíku húsnaði til að tryggja að almenningi stafi ekki hættu af því. Sakarmat er með öðrum orðum strangt þegar tekin er afstaða til þess hvort skaðabótaábyrgð hafi stofnast vegna líkamstjóns sem orðið hefur inni í slíkum fasteignum eða fyrir utan þær. Má hér nefna dóma Hæstaréttar í málum nr. 419/1994, 385/2003, 230/2005, 251/2005, 517/2005, 635/2006 og dóm Landsréttar í máli nr. 488/2020. Að mati dómsins verður lagt til grundvallar að stefndi Löður ehf. hafi ekki staðið undir þeim ríkum kröfum sem gera mátti til hálkuvarna af hans hálfu eins og aðstæðum var háttað við þvottastöðina er slysið varð. Er þessi vanræksla stefnda meginorsök þess að stefnandi varð fyrir slysi og verður fallist á bótaskyldu stefndu í málinu.
37. Stefnandi hefur gjafsókn í máli þessu samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins 29. desember 2023. Í samræmi við framangreinda niðurstöðu verður stefndu, með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, gert að greiða stefnanda málskostnað eins og nánar greinir í dómsorði, sem renni í ríkissjóð. Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, 2.000.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði, en í samræmi við dómvenju hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

38. Fjölur Vilhjálmsón lögmaður flutti málið fyrir stefnanda og Teitur Gissurarson lögmaður fyrir stefndu.

Hlynur Jónsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Viðurkennd er óskipt bótaskylda stefndu Lööurs ehf. og Sjóvár-Almennra hf. vegna þess líkamstjóns sem stefnandi varð fyrir í slysi 23. desember 2021 fyrir utan bílaþvottastöð stefnda Lööurs ehf.

Stefndu greiði óskipt 2.480.000 krónur í málskostnað sem renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin þóknun lögmanns hans, 2.000.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Hlynur Jónsson